

**Ed.**

**341. Frumvarp til laga**

[175. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi Íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977—78).

**1. gr.**

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 6. febrúar 1978, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 120/1976, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar felldu niður gengisskráningu og lokuðu fyrir gjaldeyrisafgreiðslur hinn 6. febrúar 1978, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1978.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi tollfyrivalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok aprilmánaðar 1978.

## 2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir framleiddar fyrir 1. janúar 1978, skal hann greiddur útflytjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil, að frádregnum 13% gengismun.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað í þágu sjávarútvegsins.

Áður en umræddu fé er ráðstafað, skal greiða af því hækkanir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem þessi lög taka til og framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en fluttar út eftir gengisbreytinguna 8. febrúar 1978.

Ennfremur skal endurgreiða ríkissjóði það, sem hann hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins til þess að gera honum mögulegt að standa við greiðslu bóta í samræmi við viðmiðunarverð.

## 3. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. 2. gr. laga þessara, umfram greiðslu skv. 4. og 5. mgr. þeirrar lagagreinar, skal lagt í sérstakan gengismunarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a. 65% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði frystra sjávarafurða, saltfisks, verkaðs, óverkaðs og flaka, skreiðar, fiskimjöls, loðnumjöls og loðnulysis, skal renna til viðkomandi deilda Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, en andvirði saltsildar skal verða stofnfé deildar fyrir saltsild.
- b. 35% af því, sem kemur í gengismunarsjóð af andvirði þeirra afurða, sem taldar eru undir a-lið þessarar greinar, svo og öllu því, sem kemur af andvirði annarra sjávarafurða, skal varið a) 43% til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði og b) 57% til að létta stofnfjáarkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda, hvort tveggja eftir þeim reglum og með skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur.

## 4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyriræli um framkvæmd laga þessara.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 8. febrúar 1978 ákvað Seðlabankinn, að höfðu samráði við ríkisstjórnina 13% lækkun á markaðsgengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar.

Af hálfu ríkisstjórnarinnar hafa undanfarið verið undirbúnar margþættar ráðstafanir í efnahagsmálum, sem nauðsynlegar eru taldar til að bregðast við þeim efnahagsvanda, sem upp hefur komið. Breyting á gengi krónunnar, sem Seðlabankinn tilkynnti um hinn 8. þ. m. er einn liður í þessum aðgerðum.

Vegna þessarar gengisbreytingar er nauðsynlegt að setja í lög ákvæði þau, sem eru í frv. þessu annars vegar um tollmeðferð á innflutningi og hins vegar um meðferð á gengismun vegna birgða útflutningsafurða sjávarútvegsins og ráðstöfun á honum.

### Um 1. gr.

Svo sem venja hefur verið við gengisbreytingar eru hér settir frestir um tollafgreiðslu, en að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskrárlaga um tollmeðferð skjala, eftir að hið nýja gengi tekur gildi.

### Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að taka gengismun af þeim birgðum sjávarafurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en ekki fluttar út eða verið greiddar áður en hið nýja gengi tók gildi. Er þar ákveðinn hundraðshluti, sem nemur þeirri breytingu, sem gerð var á gengi krónunnar 8. febrúar 1978. Rétt þykir að undanþiggja þær afurðir, sem framleiddar voru frá og með 1. janúar 1978, þar sem þær efnahagsráðstafanir, sem nú eru gerðar eiga að tryggja grundvöll framleiðslunnar frá upphafi ársins og m. a. fiskverð gildi frá sama tíma. Þessar afurðir verða því greiddar með nýja genginu. Sjávarútvegurinn hefur að því leyti nokkra sérstöðu meðal atvinnuvega landsmanna, að nánast öll hans framleiðsla er flutt út. Oft eru birgðir sjávarafurða allmiklar og er svo einnig nú, en skiptast misjafnt eftir afurðum, þar sem framleiðsla vissra afurða er árstíðabundin. Er því nokkur hending hvernig birgðir skiptast. Hins vegar er það eins nú og oft áður að afkoma hinna ýmsu greina sjávarútvegsins er bæði æði misjöfn og breytileg. Það hefur því verið venja um allmörg undanfarin ár, að við gengisbreytingar hefur gengismunur af sjávarafurðum verið látinn renna í sérstakan sjóð, sem varið hefur verið á mismunandi hátt í þágu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins. Er það einnig gert nú. Áður en kemur til ráðstöfunar á því fé, sem rennur til gengismunarsjóðs hefur þó þótt rétt að greiða af óskiptu þær hækkunar á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning, vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 1. janúar 1978 en ekki fluttar út fyrir en eftir gengisbreytinguna. Ennfremur þykir eðlilegt, að greitt verði af gengismun áður en honum er ráðstafað, það, sem ríkissjóður hefur vegna framleiðslu ársins 1976 greitt til Verðjöfnunar-sjóðs. Er þar um að ræða um kr. 174 millj.

### Um 3. gr.

Í þessari grein er fjallað um ráðstöfun á gengismunarsjóði. Nokkur óvissa ríkir um það hversu mikið fé getur hér orðið um að ræða, þar sem miklar birgðir eru af óseldri skreið, sem alger óvissa ríkir um hvernig kunni að seljast eða hvenær, og ennfremur andvirði verkaðs saltfisks, sem seldur var til Zaire og ekki fengist greitt enn. Ekki er þó ólíklegt, að heildarverðmæti birgða og þess, sem ógreitt er en flutt út geti numið um kr. 18 þús. millj. og er þá hvorugt þess, sem hér var nefnt talið með, sakir óvissu. Þá eru ákvæði um ráðstöfun á gengismunarsjóði.

Gert er ráð fyrir, að 65% af því fé, sem kemur í sjóðinn af þeim afurðum, sem koma undir Verðjöfnunar-sjóð, en það eru þær afurðir, sem þar eru taldar, renni til viðkomandi deilda sjóðsins. Mikil þörf er á að efla Verðjöfnunar-sjóð, sem á undanförnum árum hefur orðið að taka á sig byrðar, sem hafa verið bein afleiðing af kostnaðarhækkunum framleiðslunnar innanlands og því eðlilegt að þegar aðgerð eins og sú, sem nú er framkvæmd með lækkun gengisins til að veða upp á móti innlendum tilkostnaðarhækkunum þá renni hluti af þeim gengismun, sem til verður, til Verðjöfnunar-sjóðs. Þá þykir eðlilegt, að stofnuð verði sérstök deild við Verðjöfnunar-sjóð fyrir saltsild, þar sem framleiðsla hennar virðist nú komin á öruggan grundvöll og fer vaxandi. Er hér gert ráð fyrir, að hluti af gengismun vegna saltsildar renni í deild saltsildar sem stofnframlag.

Hinum hlutanum, 35% og því, sem kemur af öðrum sjávarafurðum, skal síðan að hluta varið til að létta stofnkostnaðarbyrði eigenda fiskiskipa, sem orðið hafa fyrir gengistapi vegna erlendra og gengistryggðra skulda. Við fyrri gengislækkanir hefur hluta gengismunar einnig verið ráðstafað á þennan hátt og þykir ekki óeðlilegt, að eigendum fiskiskipa, sem eru með skuldir vegna skipanna að mestu gengisbundnar, verði bættur að nokkru sá útgjaldaauki, sem af gengislækku-ninni leiðir.

Að hluta verður þessu fé varið til að greiða fyrir hagræðingu í fiskiðnaði. Enda þótt miklum fjármunum hafi verið varið á undanförunum árum til endurbóta í

fiskiðnaði er þar mikil nauðsyn á að auka hagræðingu á ýmsum sviðum og bæta framleiðni.

Er gert ráð fyrir, að sjávarútvegsráðuneytið setji nánari reglur um notkun þessa hluta gengismunarsjóðs.